

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
21. jan. 2016	

Tilv.	_____

Eskja hf.
Strandgata 39
735 Eskifjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 19. janúar 2016
UST201601-147/E.D.K.
08.10.02

Staðfesting á úrbótum móttekin

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 5. janúar 2016 þar sem fjallað er um tvö frávik sem komu fram við fyrirvaralaust eftirlit í fiskimjolsverksmiðju Eskju á Eskifirði, þann 5. nóvember sl.

Frávikin voru eftirfarandi:


1. Hreinsun frá fitugildru var ekki fullnægjandi þar sem að útfallsrör liggur á yfirborði án þess að þil haldi fitu sem safnast á yfirborðinu frá útfallinu.
2. Blóðvatn rann óhreinsað til sjávar sem hafði í för með sér grútarmengun í firðinum. Upp kom að um mistök var að ræða þar sem að rangur loki var opnaður en brugðist var við því um leið og það komst upp.


Þá var einnig gerð athugasemd við að verksmiðjubyggingar voru ólæstar þó þær væru mannlausar þegar eftirlitið fór fram.

Þann 17. janúar sl. barst Umhverfisstofnun tölvupóstur frá verksmiðjustjóra þar sem fram kemur að brugðist hafi verið við frávikunum. Þar segir að fitugildra hafi verið hreinsuð og þil þétt. Þá hafi dælukerfið verið tekið upp og yfirfarið. Svo segir að aðgangskerfi verksmiðjunnar hafi verið breytt og ekki sé lengur hægt að skilja eftir hurðar opnar, framvegis verði starfsmenn að opna með starfsmannakortum og öll umgengni skráð. **Umhverfisstofnun telur þessar úrbætur fullnægjandi og verða þær skoðaðar sérstaklega í næsta eftirliti.**

Umhverfisstofnun vill nota tækifærið og minna rekstraraðila á að mæla pH við næstu aftöppum á hreinsivökva til sjávar, líkt og fram kemur í áður nefndu bréfi, dags. 5. janúar sl.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur